



# RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

|                        | Dagsetning    | Tilvísun |
|------------------------|---------------|----------|
| Forseti Alþingis       | 28. júní 2012 | 12010220 |
| Ásta R. Jóhannesdóttir |               | 10.03    |
| Alþingi v/Kirkjustræti |               | PV/mb    |
| <b>150 Reykjavík.</b>  |               |          |

Ríkisendurskoðun hefur lokið athugun sinni á ráðstöfun styrkja úr ríkissjóði til Félags áhugafólks um uppbyggingu Þorláksbúðar. Samkvæmt samþykktum félagsins er tilgangur þess að vinna að uppbyggingu Þorláksbúðar í Skálholti í sögulegum stíl í samráði við Fornleifavörð og forsvarsmenn Skálholtsstaðar. Félagið skal lagt niður um leið og það hefur náð þeim tilgangi sínum að endurreisa Þorláksbúð og skal eignin þá afhent Skálholtsstað.

Með bréfi dags. 18. janúar sl. óskaði Ríkisendurskoðun eftir upplýsingum frá félagini um ráðstöfun styrkja úr ríkissjóði til þess. Beiðnin var ítrekuð með bréfi 14. febrúar sl. og aftur 26. mars sl. Afrit af síðastnefnda bréfinu var sent forseta Alþingis, fjárlaganefnd og mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Forsvarsmenn félagsins brugðust fyrst við beiðni Ríkisendurskoðunar 27. mars sl. þegar formaður stjórnar félagsins tjáði starfsmanni hennar að bókhald þess hefði ekki verið fært vegna fjárskorts en að unnið væri að því og uppsetningu reikninga. Ástæða er til að nefna að samkvæmt lögum um bókhald nr. 145/1994 er félagið bókhaldsskylt og skal jafnframt semja ársreikning fyrir hvert reikningsár innan sex mánaða frá lokum þess. Ríkisendurskoðun gagnrýnir að stjórn félagsins hafi ekki árlega tekið saman reikningslegt uppgjör fyrir starfsemi liðins árs. Jafnframt bendir stofnunin á nauðsyn þess að þeir aðilar sem taka ákvarðanir um að veita styrki úr ríkissjóði hafi þessa lagaskyldu ávallt í huga, ekki síst þegar veittir eru styrkir öðru sinni til sama aðila.

Ársreikningar félagsins fyrir árin 2008, 2009, 2010 og 2011 bárust stofnuninni 1. júní sl. Þeir eru upsettir af viðurkenndum bókara og undirritaðir af stjórn félagsins en hafa ekki verið endurskoðaðir. Ríkisendurskoðun hefur kannað bókhald félagsins og reikninga þess. Könnunin gefur ekki tilefni til athugasemda.


Heildartekjur félagsins á árunum 2008 til 2011 námu 13,4 m.kr. Hæsta framlagið er úr ríkissjóði, 9,4 m.kr. Framlög frá kirkjuráði eru samtals 3 m.kr. Heildargjöld á tímabilinu eru um 16 m.kr. Skuldir félagsins í árslok 2011 námu 2,3 m.kr.

| Tekjur og gjöld félagsins 2008 til 2011 |                  |                  |                  |                   |
|---|------------------|------------------|------------------|-------------------|
|   | 2008             | 2009             | 2010             | 2011              |
| <b>Tekjur</b>                           | <b>1.000.000</b> | <b>3.000.000</b> | <b>6.700.000</b> | <b>2.700.000</b>  |
| Ýmislegt 09-999                         | 1.000.000        | 0                | 0                | 0                 |
| Fornleifavernd 02-901                   | 0                | 3.000.000        | 4.200.000        | 1.200.000         |
| Kirkjuráð                               | 0                | 0                | 1.500.000        | 1.500.000         |
| Aðrir                                   | 0                | 0                | 1.000.000        | 0                 |
| <b>Gjöld</b>                            | <b>0</b>         | <b>2.217.694</b> | <b>7.355.811</b> | <b>6.384.543</b>  |
| Rekstrargjöld                           | 0                | 0                | 0                | 334.457           |
| Fjárfesting                             | 0                | 2.217.694        | 7.355.811        | 6.050.086         |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)      | 56.599           | 351.000          | 4.960            | -99.842           |
| <b>Hagnaður (tap)</b>                   | <b>1.056.599</b> | <b>1.133.306</b> | <b>-650.851</b>  | <b>-3.784.385</b> |

Bókhald yfirstandandi árs hefur ekki verið fært en af skoðun reikningsfirlits frá banka að dæma nema tekjur ársins 1,5 m.kr. Þar er um að ræða framlag frá kirkjuráði vegna ársins 2012, en það gekk til greiðslu á yfirdráttarláni og reikningi vegna færslu bókhalds og uppsetningar ársreikninga. Yfirdrátturinn stendur nú í um 400 þús.kr. Þá skuldar félagið birgjum enn um 1 m.kr. frá fyrra ári. Að sögn stjórnar félagsins á það einnig von á reikningum upp á „nokkrar milljónir“ vegna þegar unnninna verka. Að mati Ríkisendurskoðunar ríkir þannig óvissa um núverandi fjárhagsstöðu félagsins.

Miðað við framkomnar upplýsingar virðist sömuleiðis óljóst hvenær byggingu þorlaksbúðar lýkur, þótt vonir standi til að það verði á allra næstu vikum. Ljóst er að þær tafir sem hafa orðið á verkefninu hafa valdið vissu fjárhagstjóni, bæði vegna beins kostnaðar en eins telur stjórn félagsins að neikvæð umræða um bygginguna hafi valdið erfiðleikum við að safna styrktarfé. Til að ljúka verkefninu þarf enn að safna umtalsverðu fé, enda bæði útistandandi, ógreiddir reikningar og óunnin verk.

Eins og fram kemur í samþykktum félagsins stendur til að afhenda Skálholtsstað bygginguna til eignar þegar hún er tilbúin. Stjórn félagsins hefur lagt á það ríka áherslu í samskiptum við Ríkisendurskoðun að afhending mun ekki eiga sér stað fyrr en allar skuldir vegna byggingarinnar hafa verið gerðar upp.



**Afrít:**

Félag áhugafólks um uppbyggingu þorlaksbúðar.

Fjárlaganefnd.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Kirkjuráð.